

Reykjavík 17. febrúar 2007

Nafn ráðningafulltrúa
Heimilisfang

Efni: Umsókn um starf framkvæmdastjóra Strætóferða bs.

Hér með sæki ég um starf framkvæmdastjóra Strætóferða bs., sem auglýst var í Morgunblaðinu þann 10. febrúar sl.

Ég sæki um ofangreint starf þar sem um mjög áhugavert starf er um að ræða og ég tel mig vera rétta einstakling í starfið sökum reynslu minnar og þekkingar. Ég hef starfað á sviði almenningssamgangna um árabil. Í dag sinni ég starfi framkvæmdarstjóra Keflavíkurleiða sem er fyrirtæki sem sérhæfir sig í bættum almenningssamgöngum. Sl. ár hef ég verið formaður nefndar á vegum samgönguráðuneytisins sem fjallað hefur um möguleika á notkun loftlesta frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar.

Lokaritgerð mín til meistaranáms í samgöngufræðum fjallaði um pólska járnbrautarfélagið sem átti á sínum tíma í miklum fjárhagslegum vandræðum m.a vegna lélegrar nýtingar á vögnum félagsins. Ég því ýmsar hugmyndir sem gætu komið að góðu gagni varðandi rekstur Strætóferða bs.

Ég vona að umsókn mín vekji áhuga ykkar og er tilbúin að koma til viðtals og gera nánari grein fyrir reynslu minni, þekkingu og áhuga.

Meðfylgjandi eru nánari upplýsingar um starfs- og námsferil minn.

Virðingarfyllst,
Ingigerður Jónsdóttir
Strandgata 25, Hafnarfirði
Sími: 589-1234

Ingigerður Jónsdóttir

Nafn: Ingigerður Jónsdóttir
Kt: 290960-2029
Heimili: Strandgata 25, Hafnarfirði
Sími: 589-1234/ 666 6666
Netfang: Inga@leidinni.is



-
- Menntun:**
- 1985: Háskóli Íslands**
MA í samgöngufræðum frá Háskóla Íslands.
Lokaritgerðin fjallaði um pólska járnbrautarfélagið og þær breytingar sem félagið er að gera til að standast samkeppni POLISKA, pólska einkarekna almennings-samgöngufélagsins..
 - 1983: Háskóli Íslands**
BS í hagfræði.
 - 1980: Menntaskólinn við Sund**
Stúdentspróf af náttúrufræðibraut með fyrstu einkunn.

-
- Starfsferill:**
- 2002-dd. Keflavíkurleið hf.**
Stofnaði Keflavíkurleiðir árið 2002. Fyrirtækið sérhæfir sig í keyrslu frá Keflavík til Reykjavíkur og síðustu árin er keyrsla með erlenda ferðamenn orðin stór hluti af starfsemi fyrirtækisins. Starfa sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins.
 - 1992-2002 Hafnarfjarðarleið hf.**
Var einn af stofnendum Hafnarfjarðaleiða. Hafnarfjarðarleiðir eru fyrirtækis á sviði almennings-samganga en það sér alfarið um keyrslu á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Í starfi mínu sá ég um fjármál fyrirtækisins, stefnumótun og manuðsmál.
 - 1991-1992 Sjálfstætt starfandi ráðgjafi**
Starfaði sem ráðgjafi á þessu tímabili og vann meðal annars verkefni fyrir Samgönguráðuneytið, Flugfélag Færeyja, Ferðamálaráð Finnlands og finnsku járnbrautirnar.
 - 1985-1990 Flugfélag Íslands**
Starfaði hjá Flugfélagi Íslands sem sérfræðingur í hagdeild félagsins. Hafði umsjón með þróun á nýju bókunarkerfi auk verkefna á sviði tölfræðilegrar greiningar.

Markmið: Ég hef áhuga á að starfa í umhverfi þar sem ég get nýtt reynslu mín og hæfni á sviði samgöngumála. Markmið mitt er að ég þróist og þroskist í starfi og geti miðlað þekkingu minni og reynslu til annarra.

Námskeið: Hef sótt ýmis námskeið um samgöngumál, sprotafyrirtæki og fjármál fyrirtækja.

Tungumál: Hef mjög góða tungumálakunnáttu hvað varðar ensku, dönsku, þýsku og pólsku. Dvaldi í Þýskalandi tvö sumur við nám og skrifaði ritgerð mína til meistaranáms í Póllandi.

Tölvuþekking: Þekking á algengum notendabúnaði. .

Nefndarstörf: Formaður í nefnd á vegum samgönguráðuneytisins um möguleika á notkun loftlestar frá Reykjavík til Keflavíkur.
Nefnd samgönguráðuneytisins um umbætur í samgöngumálum
Nefnd Hafnarfjarðarbæjar um úrbætur í samgöngumálum
Í stjórn sprotafyrirtækjafélags Íslands
Í stjórn Sjálfstæðisfélags Íslands

Áhugamál: Helstu áhugamál eru stjórnsmál, samgöngumál og stepp dans.

Umsagnaraðilar: Jón Sumarliðason, stjórnarformaður Keflavíkurleiða
Súlugötu 6, sími: 512-3456 / 556-7890

Gunnar Guðlaugsson, formaður Sjálfstæðisfélagsins í Hafnarfirði
Strandgötu 222, Sími: 586-2345 / 661-1234